

LÖGMANNABLAÐIÐ

15. árgangur | desember | 4/2009



Friðarjolin 1945

Ilmur af eplum
og Hólsfjalla-
hangikjöti í
sendibréfi



Laganám í kastljósinu

Fjölgun laganema,
framhaldsnám og
skylduendur-
menntun lögmanna



Hvað bar hæst í íslenskum rétti árið 2009?



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson:
Frá ritstjóra 4

Lárentsínus Kristjánsson:
Pistill formanns 11

Ingimar Ingason:
Enn höggvið að rótum réttarríkisins 22

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild 27

Umfjöllun

Laganám í kastljósinu 12

Framhaldsnám skilar sér í betri stöðum 16

Öflun hdl.-réttinda 17

Skiptar skoðanir um skylduendurmenntun 18

Lítið atvinnuleysi meðal lögfræðinga 18

61% lögmanna hefur sótt námskeið sl. tvö ár 18

Hvað bar hæst í íslenskum rétti árið 2009? 20

Ingvi Snær Einarsson:
Lagasetning í kjölfar hrunsins 24

Á léttum nótum

Friðarjolin 1945 6

Jóla hvað?
Jólahádegisverður LMFÍ, Lí og Dí 9

Úr myndasafni:
90 ára afmæli LMFÍ 29

Af Merði lögmanni 19

„Case Open“
Meistaramótsgleði LMFÍ í skák 2009 30

Súkkulaði í allri sinni dýrð 30

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:
Ingvi Snær Einarsson hdl.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl., formaður
Hildur Friðleifsdóttir hdl., varaformaður
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
gjaldkeri
Hörður Felix Harðarson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við
lagadeild Háskóla Íslands, að kenna á
hdl.-námskeiðinu sem haldið var í
haust.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

Skjalatætarar eru öryggistæki

Örugg eyðing, ólæsilegar og órekjanlegar upplýsingar

IDEAL er öruggt merki



IDEAL
3803

Ný kynslóð af pappírstæturum.

Pappírstætarar í miklu úrvali, allt frá litlum tæturum við skrifborðið að afkastamiklum skrifstofutæturum

Öryggisbúnaður, rafræn stýring

Hárbeittir tætarahnífar úr vönduðu stáli, 5 ára ábyrgð

Hljóðlátir en öflugir mótórar

IDEAL 3803

Öflugur skjalatætarari fyrir skrifstofuna

Breidd inntaks 380 mm
Rúmtak geymslu 160 lítrar



IDEAL
AL1

NÝTT

IDEAL AL1

Pappírstætarari með faguðu útliti, hljóðlátur

Breidd inntaks 240 mm

Rúmtak geymslu 25 lítrar

Bjóðum fleiri gerðir og stærðir

Lögmenn!
15% afsláttur
til ykkar

CE IDEAL lýtur evrópskum gæðastaði í framleiðslu skjalatætara.

hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

PORT Hönnun

Hvað gerir ljósritunarpappír góðan?



Ein pappírstegund til allra nota

- Ljósritunarpappírinn á að vera vel hvítur
- Ljósritunarpappírinn þarf að taka prentlit vel svo ólíkar fyrirmyndir verði skýrar
- Hann þarf að vera fjölnota; hæfur til ýmissa nota skrifstofunnar; jafnt í svart/hvítu sem í lit, - í ljósritunarvél, prentara og faxtæki
- Trygging sé fyrir vistvænu vinnsluferli pappírsins

Data copy er góður pappír í afar hentugum og meðfærligum umbúðum.

hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

PORT Hönnun



Borgar Þór Einarsson hdl.

Ár spurninga

Á árinu sem nú er senn liðið hafa margar stórar spurningar vaknað um lög og rétt hér á landi – allt frá gildi einstakra löggæringa sem grundvallarþýðingu hafa í lánaviðskiptum einstaklinga og fjármálafyrirtækja til áleitinna spurninga um stjórnarskrárgildi neyðaraðgerða löggjafans í tengslum við kerfishrun íslensku bankanna á síðasta ári. Þá hafa vaknað efasemdir um getu íslensku réttarkerfisins til að takast á við afleiðingar bankahrunsins og þykir flestum einsýnt að hvorki ákærvaldið né dómstólar hafa að óbreyttu burði til að sinna þeim risavöxnu verkefnum sem framundan eru. Ofan á allt þetta bætist við mikil réttaróvissa vegna svokallaðra Icesave-samninga, heimilda framkvæmdavaldsins til slíkra skuldbindinga og jafnvel hvort löggjafanum sé stætt á því gagnvart stjórnarskrá.

Pegar stórt er spurt er fátt um svör, segir máltækið, en í þeim málum sem hér eru nefnd til sögunnar stendur yfirleitt ekki á svörum í umræðunni. Vandinn við þau svör er sá að þau skilja eftir sig fleiri spurningar en þau svara. Ekki skortir framboð á hvers kyns

hentugleikaskýringum og útúrsnúningum í tengslum við þessi viðfangsefni. Því miður virðast þeir fáu sem reiðubúnir eru til að nálgast þau af sanngirni og yfirvegun ekki vera nógu spennandi umfjöllunarefni fyrir fjölmiðlana, ekki nógu yfirlýsingaglaðir og hugsanlega ekki í réttu liði fyrir þann fjölmiðil sem fjallar um málin hverju sinni.

Þeir sem voga sér út á forað umræðunnar fá það yfirleitt óþvegið, jafnvel þótt reynt sé að leggja gott eitt til. Árið sem nú er senn á enda geymir mörg dæmi um þetta og það er ekki að undra þótt margir láti hugfallast, haldi sig fjarri umræðunni og voni bara hið besta. Þá er hins vegar hollt að minnst hinna fleygu orða, sem jafnan eru höfð eftir breska 18. aldar heimspekingnum Edmund Burke, að til að illskan hafi

yfirhöndina þurfi ekki annað en að góðir menn aðhafist ekkert.

Þrátt fyrir allt er ekki ástæða til tómrar svartsýni. Skilningur virðist vera að aukast á því að íslenska þjóðin muni ekki komast út úr þeim erfiðleikum sem nú steðja að með því að hverfa frá grundvallarreglum réttarríkisins. Lögmennt hafa á síðustu misserum látið verulega til sín taka í umræðum um fjárskort réttarkerfisins og vonandi er að dómstólum landsins og öðrum þjónum réttarríkisins verði gert kleift að leysa úr málum í stað þess að þau séu ráðin til lykta með steikarpönnum og gangstéttarhellum á götum landsins.

Árið 2009 var ár spurninganna. Vonandi ber árið 2010 í skauti sér svörin við að minnsta kosti einhverjum þeirra.



LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við HR miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára grunnnám til BA-gráðu.
- 2ja ára framhaldsnám til meistara-gráðu.

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:

Helga Harðardóttir

s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: elleninga@simnet.is

Friðarjólin 1945

Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur er varðveitt afar merkilegt einkaskjalasafn Þórðar Björnssonar, fyrrverandi bæjarfulltrúa og ríkissaksóknara (1916-1993). Á haustdögum hélt safnið sýningu á lífi og störfum Þórðar en í einkaskjalasafninu eru fágætar ferðabækur, ljósmyndir og ýmis persónuleg bréf.

Þórður Björnsson lauk stúdentsprófi frá MR árið 1935 og embættisprófi í lögfræði 1940. Árið 1945-1946 dvaldi hann í Englandi og á Norðurlöndum til að kynna sér réttarfar í opinberum málum og lögreglustjórn en hann hafði starfað sem fulltrúi hjá sakadómaranum í Reykjavík frá 1941.

Meðal bréfa sem Þórður fékk til London er eitt frá æskufélaga hans, og síðar samstarfsmanni, Ásgeiri Magnússyni fyrrverandi sakaskráritara (1914-1987). Ásgeir lauk stúdentsprófi frá MR 1935 og starfaði síðan hjá Kolaverzlun Sigurðar Ólafssonar til 1961 er hann varð starfsmaður hjá saksóknara ríkisins. Því starfi gegndi hann til 1975 er hann varð að hætta vegna sjóndepru. Í bréfinu lýsir Ásgeir því hvernig hann eyddi aðfangadegi og jólanótt í Reykjavík fyrstu friðarjólin 1945.

Glæsilegur maður í 100% jólaskapi

Á aðfangadag jóla var blessuð blíða, logn og 8° hiti, mannskapurinn í sólskinsskapi. Strætin troðfull af fólki framan af degi, annar hver maður með cigar, hver búð yfirfull, allir hlaðnir böggjum og pinklum. Krakkarnir að sálást úr eftirvæntingu; Kvenfólkið með eldhúsáhyggjur. Ég labba ofan í bæ kl. 14.00. Ég er uppskveraður í dökkbláum fötum, hvíttri skyrtu, með nýjan Royal Stetson, brúnan á höfði, brúnan yfirfrakka, gula hanzka, svarta blankandi skó,

nýþvegið hár, nývaskaðan skrokk; glæsilegur maður í 100% jólaskapi! Jú satt er það, úti er mögnuð jólastemning. Maður magnast við það eitt að sjá svipinn á fólkinu og fartina á því. Þvílíkur svipur, en sú fart! Og svo blessuð jólalyktin. Í hverri nýlenduvöru- og kjötverzlun mætir angan hið heimsfræga Hólsfjallahangikjöt. Ja, það er nú kjöt í lagi. Ef Lundúnabúar hefðu það á jótunum, myndu þeir fá krafta í köggjana og eitthvað af hinu íslenska andríki. Ég geng Vesturgötuna. Það er nú gata. Hvarvetna mæti ég kunningjum og nágrönnum.

Sæll og bless, sæll og blessaður, sæl og bless. Gleðileg jól! Gleðileg jól! GLEÐILEG JÓL!

Þéttir eins og útgerðarmenn

Vesturbæingar eru alveg þrýðilegir menn. Ég nálgast miðbæinn. Þar fer ég að sjá Austurbæinga. Jú sko, það hefir hækkað á þeim brúnin. Allsstaðar ber að líta margskonar jóla-skraut. Umferðin er stórkostleg. Bílar, menn, reiðhjól, mótörhjól. Þarna sé ég hilla undir þreklegan mann, er það ekki Baldur Þ.? Ó jú, sá er maðurinn; í sömu holdum og áður, „lún“ einsog fyrri daginn. „Mér þykir span á þér“, segi ég, um leið og ég vippa mér fimlega fram fyrir hann með leikni, sem ég tileinkaði mér í kappliði KR. Hann svarar lakónist. „Finnst þér það“ og munnleikur jólavindil sinn einsog amerískur business maður. Við stoppum við búðarglugga, horfum á glingrið en horfum þó ekki á það. „Nei annars, ég má ekki vera að þessu“, segir hann, „ég þarf að flýta mér“. „Komdu í einn rúnt“ segi ég og byrja að tala um ástandið í Palestínu! Þar er jú skytteri uppá hvern dag, eftir því sem blöð og útvarp segja og víst aldrei meir en um jólin. Nú og svo hljóðar guðspjall dagsins einmitt upp á Palestínu, um



Þórður Björnsson.



Ásgeir Magnússon.



fjárhirðina sem sáu stjórnur (eða stjórn). Við göngum einn góðan rúnt. Fólk gerist hátíðlegra, fartur á því eykst. Baldur gerist órólegur og á Landsbankahorninu kemur Gylfi dósent í fangið á okkur og spyr Baldur hvort hann sé að fara heim. Og þeir fara heim, báðir þéttir á velli eins og útgerðarmenn.

Jólailmurinn

– Ég tek stefnu á höfnina. Þar er sérstök angan ,eplailmur og appelsínu, jú svei mér þá. Þarna liggja mörg skip og sum stór, t.d. Buntline Hitch og Span Spline bæði 7000 tonna skip, sem Eimskip hefur á leigu og sigla á Ameríku (USA) – Margir menn við vinnu. Margir vörubílar, það

syngur í bómunum, þegar híft er. Rafmagnsspilin kveða sínar sérkennilegu stemmur. Skipsmenn dytta að skipunum. Stýrimenn líta eftir verki. Alltaf koma fleiri epla- og appelsínukassar upp. Stemningin á uppfyllingunni er glimrandi. Karlarnir raula, strákarnir flissa, það glymur í gearum bílanna, mótortíkurnar hneggja. Senn eru jólin komin og hvíldin. Þarna liggur vinalegt danskt skip, S/S „Anne“, með jólatrésfarm og sláttuvélar. Þarna eru togarar ísl. og erlendir, þarna er kolaskip; útá legunni er stórt olíuskip og þarna liggur botnskafan gamla og moka skít upp úr höfninni. – aftur berst að vitum mínum blessaður jólailmurinn þ.e. sambland af

hangikjöts- jólatrés- epla- og appelsínuangan. Ég sigli Tryggvagötuna heim. Það er lokað hjá Stínu Dalsted, það sé ég. Enn er trafíkk í Fiskhöllinni. Smiðirnir á Hamri hafa lagt frá sér hamra og bora, sleggjur og logsuðutæki. Smiðjan er þögul. Slippurinn er þögull. – Heima bíður blessaður jólamaturinn og jólagjafir, vinir og skyldmenn, mitt fólk.

Jólanótt

Jólanótt. Úti er tunglskin og 3° hiti á Celsíus. Jörð er auð sjór sléttur; þýður andvari strýkst um gluggann og flytur með sér fögnuð og frið og svolítið af jalúsíi úr austurbænum í garð hinna hamingjusömu Vestur-



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagyðja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverid ehf, Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

bæinga. Það er fátt fólk á ferli um götur höfuðborgarinnar. Nokkrir erlendir sjómenn reka upp dýrlegt væl, sem á að vera söngur, en verkar eins og argasta klám og guðlast á þessari helgu nótt. Fáeinir mígandi fullir Íslendingar, sem sennilega eiga fáa að, illt þak yfir höfuðið og auðvitað enga vini, staulast hálf-ósjálfbjarga um hina einu aðalbornu breiðgötu höfuðborgarinnar, Vesturgötuna, nema staðar við hvern ljósastaur einsog hundar og ragna. Það er þeirra jólanótt, sem er hin algjöra andstæða við jólanótt hinna hamingjusömu, þ.e. barnanna. Þeirra er dagurinn frá upphafi til enda. Þau hafa notið dagsins og það er gott. Þau hafa fengið gjafir og það er gott! Gól og ragn hinna vitstola brennivínsberserkja geta ekki raskað svefni barnanna. Það er vel. Hinsvegar vakna nokkrir kettir og hvæsa að þessum ófögnuði, sem leyfir sér að

spangóla um miðja jólanótt á miðri Vesturgötunni í miðjum Vesturbænum. Ég fæ mér mildan Whisky sjúss; sóðavatnsperlur glitra í glasinu, og sem snöggvast læt ég hugann reika. Hvað skyldi Þórður Bj. vera að gera í London? Hvernig skyldi hann hafa eytt deginum? Hvað skyldi M. Thorberg vera að gera úti Höfn? Vafalaust eitthvað skemmtilegt. Nei annars, honum leiðist þá er sagt skál í herberginu og ég skála við kunningja og vini. Það var jólasjússinn og svo var það ekki meir. Ekkert vínbrjálæði, heldur mildur jólasjúss. Svona á það að vera!

Millifyrirsagnir eru blaðsins EI.



Jólaakveðjur

Gleðileg jól gott og farsælt komandi ár

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Lögmansstofa Guðbjarna Eggertssonar ehf.

Austurstræti 17
101 Reykjavík

Forum lögmenn

Aðalstræti 6 - 5.hæð
101 Reykjavík

Hilmar Ingimundarson hrl.

Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Lögmansstofa Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur

Klapparstíg 1
101 Reykjavík

Réttur – Adalsteinsson & Partners

Klapparstíg 25-27 3. hæð
101 Reykjavík

Fasteignamáli Lögmansstofa

Laugavegi 59
101 Reykjavík

Mandat lögmansstofa

Ránargötu 18
101 Reykjavík

Lögmansstofa Ólafs Gústafssonar hrl.

Kringlunni 7 – Húsi
verslunarinnar
103 Reykjavík

Legis ehf. Lögfræðistofa

Smári Hilmarsson hdl.
Holtavegi 10 Holtagörðum
104 Reykjavík

Lögmansstofa Jóns Egilssonar hdl. og Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Ármann Fr. Ármannsson hdl.

Borgartúni 25, 8. hæð
105 Reykjavík

Lögmansstofa Jóns G.

Briem hrl.
Skiopholti 50b
105 Reykjavík

B.J. Máflutningsskrifstofa ehf.

Björgvin Jónsson hrl.
Skiopholti 50d
105 Reykjavík

Lege Lögmansstofa ehf.

Ingimar Ingimarsson hdl.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Lögmansstofa Sigurðar I. Halldórssonar hdl.

Suðurlandsbraut 8 3.hæð
105 Reykjavík

Lögvörn ehf.

Börkur Hrafnsson hdl.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Lögmansstofa Björgvins Þorsteinssonar hrl. ehf.

Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

Juralis – Lögmansstofa

Sveinn Guðmundsson hrl.
Hallvarður Einvarðsson hrl.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Lögmansstofan Suðurlandsbraut 4 ehf.

Steingrímur Eiríksson hrl.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Jóla hvað?

Jólahádegisverður Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 3. desember sl. Rúmlega 100 lögfræðingar snæddu saman ljúffengan hádegisverð að hætti meistarakokka Vox á Nordica hóteli.




Birgir Már Björnsson, Hjördís E. Harðardóttir og Margrét Gunnlaugsdóttir



Valur Árnason sá um að skammta Helga Jóhannessyni ketflís. Magnús Baldursson fylgdist sposkur með.




Pórarinn Eldjárn rithöfundur var heiðursgestur félaganna að þessu sinni. Hann sagði það líkt með störfum rithöfunda og lögfræðinga að þurfa leggja verk sín í dóm. Hins vegar væri erfiðara fyrir rithöfunda að áfrýja ef þeir væru ósáttir.



Sveinn Snorrason, heiðursfélagi LMFÍ, fær sér væna flís af feitum sauð og purusteik ásamt meðlæti.

BBN
BBA // LEGAL

Óskum lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og friðar





Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Aðgengi að dómstólum

Mjög alvarleg þróun á sér stað á Íslandi nú um stundir varðandi aðgengi almennings að dómstólum. Þróunin á sér vafalaust skýringar í því ástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar en það breytir ekki eðli málsins.

Í ársbyrjun 2008 tóku gildi reglur sem skertu mjög heimildir til að veita einstaklingum gjafsókn m.a. þannig að tekjuviðmið voru lækkuð til muna. Nú í haust var viðmiðunargjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna í sakamálum lækkað umtalsvert eftir að hafa skömmu áður verið fryst þannig að vísitölubundin hækkun skilaði sér ekki. Viðmiðunargjaldið hefði að óbreyttu átt að nema 12.300 kr. í dag en er þess í stað 10.000 kr. Þá berast fregnir af því að dómarmar virðast hafa ákveðið, a.m.k. sumir hverjir, að miða tímagjald í gjafsóknarmálum einnig við ofangreint viðmiðunargjald. Ég verð að játa að ég kannast ekki við lagaheimild fyrir því að taka svona ákvörðun um málskostnað fyrirfram og varð reyndar nokkuð hvumsa þegar dómari tilkynnir mér fyrir málflytning sl. vor í gjafsóknarmáli að þetta gjald yrði notað í stað tímagjalds samkvæmt gjaldskrá minni og að það væri gert samkvæmt

„innanhússreglu“. Nú síðast gerist það svo að dómsmálaráðherra leggur til gríðarlega hækkun á dómsmálagjöldum sbr. nýlegt frumvarp til breytinga á lögum um aukatekjur ríkissjóðs (239. mál: Ráðstafanir í skattamálum). Svo dæmi séu tekin er fyrirhuguð hækkun á þingfestingargjaldi úr 3.900 kr. í 15.000 – 90.000 kr. eftir hagsmunum og fyrir kæru til Hæstaréttar mun þurfa að greiða 50.000 kr. í stað 12.700 kr. nú.

Allar þessar aðgerðir fela í sér skert aðgengi að dómstólum. Það sem er þó sýnu alvarlegast er að þær bitna fyrst og fremst á efnaminna fólki. Sú tenging er augljós varðandi gjafsóknarheimildir og réttargjöld. Hið sama á að mínu mati einnig við um viðmiðunargjaldið. Ég veit ekki hvort við séum nú þegar komin að einhverjum þolmörkum en tel þó augljóst að ef þessi þróun

varðandi gjaldið heldur áfram þá sé hægt að færa gild rök fyrir því að slíkt muni á endanum bitna á gæðum þjónustunnar og koma fyrst og fremst niður á þeim efnaminni.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur ítrekað mótmælt öllum þessum ráðstöfunum bæði á fundum með stjórnvöldum og með bréfum auk þess sem sérfræðingar úr okkar röðum hafa tekið saman rökstuddar greinargerðir um gjafsóknarþáttinn og verjenda-störfin. Vonandi hefur það orðið til að milda í einhverjum tilvikum ráðstafanir stjórnvalda en mikilvægast er að mínu mati að alls ekki verði gengið hér lengra heldur hafist handa fyrir en síðar þegar hagar vonandi vænkast að snúa þessari þróun við.



Laganám í kastljósinu



Frá árinu 2003 hefur lögfræði verið kennd í fjórum háskólum á Íslandi. Fjöldi laganema hefur þrefaldast á þessum tíma en nú er svo komið að rúmlega 1500 manns stunda nám í lögfræði. Árið 2009 útskrifuðust 157 með BA/BS gráðu í lögfræði og 143 með meistargráðu. Hafa kröfur til laganema minnkað og hverjir eru kostir og gallar samkeppni í laganámi?

Vinsældir námskeiðs til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda hafa að sama skapi aukist gríðarlega og ef fram heldur sem horfir verða félagar LMFÍ nálægt 1000 þegar það heldur upp á aldarafmæli sitt 11. desember 2011 en voru 650 á 90 ára afmælinu árið 2001. 50% fleiri karlar en konur hafa sótt hdl.-námskeið undanfarin fimm ár en á sama tíma hafa 15% fleiri konur en karlar útskrifast með meistargráðu úr háskólunum. Í könnun Lögmannablaðsins í september sl. kemur fram að framhaldsnám lögmanna skilar sér í betri stöðum og skiptar skoðanir eru meðal lögmanna um skylduendurmenntun. Lögmannablaðið veltir fyrir sér laganámi frá ýmsum hliðum.

Preföldun laganema á sex árum

Lagakennsla á Íslandi hófst með stofnun Lagaskólans árið 1908 sem varð hluti af Háskóla Íslands árið 1911. Næstu 90 árin sá Háskóli Íslands um lagakennsluna en haustið 2001 hóf Háskólinn á Bifröst kennslu í viðskiptalögfræði og árið 2006 útskrifuðust þaðan fyrstu nemendurnir með meistrarapróf í lögum. Háskólinn í Reykjavík fylgdi í kjölfarið, stofnaði lagadeild haustið 2002 og útskrifaði sína fyrstu meistaranema árið 2007. Fjórði há-

skólinn til að bjóða upp á laganám var Háskólinn á Akureyri árið 2003 en hann útskrifaði fyrstu meistaranemana árið 2008. Í ár útskrifuðust 157 með BA/BS gráðu og 143 með meistargráðu en áður var algengt að milli 40-50 kandiatar útskrifuðust úr lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands. Þess má geta að í Finnlandi útskrifast að meðaltali 450 kandiatar með meistargráðu á ári en Finnar eru 17 sinnum fleiri en Íslendingar. Í Noregi útskrifast að meðaltali milli 700-800 kandiatar, sex sinnum

fleiri en á Íslandi, en Norðmenn eru 14 sinnum fleiri en Íslendingar.

Breytingar til góðs?

Þegar framvarp um lögmenn var lagt fram á Alþingi árið 2003, þar sem ákvæði var m.a. að finna um að lögfræðingar sem vildu verða lögmenn gætu útskrifast úr fleiri háskólum en Háskóla Íslands, urðu talsverðar umræður meðal lögfræðinga og háskólakennara. Gagnrýnt var að ekki væri tekið fram hver lágmarksmenntun í helstu kjarnagreinum lögfræðinnar ætti að vera og þótti sumum líklegt að lágmarkskröfur um gæði kennslu og náms myndu minnka með auknu framboði skóla. Þá um haustið var lágmarkseinkunn við lagadeild Háskóla Íslands lækkuð úr sjö í sex í almennu lögfræðinni á fyrsta ári til samræmis við lágmarkseinkunnir í öðrum fögum. Reynsla er nú komin á hina nýju skipan laganáms á Íslandi. Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst og Sigurður Kristinsson, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri svöruðu þremur spurningum Lögmannablaðsins um laganámið.

Grunnnám í lögfræði	Innritaðir í BA/BS nám í lögfræði haustið 2009	Útskrifaðir með BA eða BS gráðu í lögfræði 2005-2009	Útskrifaðir með BA eða BS gráðu í lögfræði 2009
Háskóli Íslands	659	337	66
Háskólinn í Reykjavík	228	266	55
Háskólinn á Bifröst	140	206	22
Háskólinn á Akureyri	70	58	14
Samtals	1097	867	157
Meistaránám í lögfræði	Innritaðir í MA/ML/cand.jur/mag.jur nám haustið 2009	Útskrifaðir með meistargráðu í lögfræði 2005-2009	Útskrifaðir með meistargráðu í lögfræði 2009
Háskóli Íslands	196	268	76
Háskólinn í Reykjavík	170	139	46
Háskólinn á Bifröst	60	45	15
Háskólinn á Akureyri	31	16	6
Samtals	457	468	143

Pegar breytingar voru gerðar á lögum um háskóla árið 2003 óttuðust sumir innan háskólanna og lögfræðingastéttarinnar að verið væri að minnka kröfur til laganema. Varð það raunin?



Björg Thorarensen

Lagadeild Háskóla Íslands hefur ekki slakað á þeim ríku kröfum sem hún hefur ávallt gert til nemenda sinna. Fyrst má benda á að þar er krafist hærri lágmarkseinkunnar en í öðrum deildum HÍ og lagadeildum annarra háskóla, eða 6.0. Eftir að heimspekileg forspjallsvísindi voru ekki lengur hluti af einkunninni í almennri lögfræði 2003 var eðlilegt að hafa sömu lágmarkseinkunn í almennri lögfræði og öðrum greinum í deildinni.

Í BA-námi í lögfræði, grunnnáminu, hefur lagadeild HÍ ekki hvikað frá því markmiði að leggja áherslu á annars vegar fræðilega undirstöðu og aðferðafræði lögfræðinnar og hins vegar að farið sé djúpt ofan í ákveðnar kjarnagreinar hennar. Grunnnámið er bundið að öllu leyti í stað þess að boðið sé upp á valfög. Námið í lagadeild er óneitanlega þungt, einkum fyrsta árið, og hlutfall þeirra sem falla er því hátt. Til að bregðast við fjölgun í grunnnáminu er nemendum skipt upp í minni hópa í umræðutímum og verkefnavinnu auk þess sem allir þurfa að skila BA-ritgerð. Þetta er hrein viðbót við grunnnámið eftir 2003 sem hefur aukið vinnuálag og kröfur en jafnframt gert námsmatið fjölbreyttara. Þessi undirstaða úr grunnnáminu er síðan mikilvæg forsenda þess að stunda meistaranám við lagadeild HÍ. Þar taka við breyttar áherslur ásamt miklum sveigjanleika, aukinni verkefnavinnu og kosti á sérhæfingu.



Bryndís Hlöðversdóttir

Það fer eftir því hvaða skilning fólk leggur í gæði laganáms. Framboð laganáms hefur aukist og það eru til fleiri tegundir af kennsluáðferðum í lögfræði en áður sem ég tel vera af hinu góða. Pegar Háskólinn á Bifröst fór að kenna lögfræði árið 2001, og rauf þannig þá kyrrstöðu sem hafði verið í laganámi um áratugaskeið, var mikil eftirspurn eftir annars konar lögfræðinámi en því sem lengst af hafði verið kennt við lagadeild Háskóla Íslands og miðaði fyrst og fremst að því að mennta embættismenn, dómara og lögmenn. Á sama tíma og stöðnun hafði ríkt í lagakennslunni hafði heimurinn breyst og vaxandi fjöldi lögfræðinga sinni störfum sem þeir höfðu ekki fengið þjálfun til að sinna í náminu, s.s. við fjármál, rekstur fyrirtækja og skattamál. Lagadeild Háskólans á Bifröst beinlínis brást við þessari þörf sem var í takt við það sem hafði gerst víða annars staðar. Þannig má segja að hver lagadeild hafi sína sérstöðu. Nú er laganám fjölbreyttara sem hefur leitt af sér fleiri lögfræðimenntaða einstaklinga en áður og þeir eru í ýmis konar störfum.



Þórður S. Gunnarsson

Breytingin sem líklega er verið að vísa til og gerð var á lögmannalögunum 2004, sbr. lög nr. 93/2004, var sjálfsgöð og eðlileg. Með henni voru meistaraþróf og embættisþróf lögð að jöfnu við öflun málflytningarréttinda. Með tilkomu nýrra lagadeilda við Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, hefur verið afsannað að eingöngu sé hægt að kenna lögfræði að einhverju viti vestan lækjar í Reykjavík. Lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur frá byrjun gert miklar kröfur til nemenda sinna og eru þær síst minni en gerðar eru til nemenda við bestu lagadeildir á hinum Norðurlöndunum. Kröfurnar eru til þess fallnar að undirbúa nemendur sem best undir þau störf sem bíða þeirra að námi loknu m.a. málflytningisstörf.



Sigurður Kristinsson

Í laganámi við Háskólann á Akureyri hafa frá upphafi verið gerðar miklar kröfur til nemenda. Í BA-hluta námsins verða nemendur að sýna fram á staðgöða þekkingu á lögfræði í alþjóðlegu samhengi sem og grunnþekkingu á íslenskum rétti. Talsverður hluti kennslunnar fer fram á ensku og er þess krafist að nemendur séu færir um að skrifa ritgerðir á ensku jafnt sem íslensku. Markmiðið er að BA-gráðan nýtist sem góður undirbúningur undir framhaldsnám á fleiri sviðum en lögfræði. Fyrir þá sem kjósa að halda áfram laganámi tekur við tveggja ára nám á meistarastigi til ML-gráðu. Til að fá inngöngu í það verður nemandinn að hafa náð a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn út úr BA-náminu. Meistaránámið er hagnýtt og krefjandi nám í megingreinum íslenskrar lögfræði á sviði opinbers réttar og einkamálaréttar.

Það er ekki mitt að meta þær kröfur sem aðrir háskólar gera til sinna laganema en tel þó fráleitt að tilkoma laganámsins við Háskólann á Akureyri hafi dregið úr þeim kröfum sem gerðar eru til laganema á Íslandi. Vonandi hafa áhrifin frekar verið á hinn veginn.

Hverjir eru helstu kostir og gallar þess að samkeppni ríkir milli háskóla um nemendur og kennara?



Þórður S. Gunnarsson

Ég sé enga galla á samkeppni af þessu tagi. Nemendur njóta þess að geta sótt þangað sem þeir telja að besta kennslan sé í boði og nám við þeirra hæfi. Því fylgja augljósir kostir að þeir sem leggja vilja fyrir sig kennslu og rannsóknir í lögfræði eigi fleiri en einn kost um vinnustað. Samkeppnin hefur hleypt miklu lífi í lagakennslu og rannsóknir í lögfræði og má minna á í þessu sambandi að doktorsnám í lögfræði stendur nú til boða við tvær lagadeildir hér á landi. Ljóst er að doktorsmenntun verður innan fárra ára gerð að almennu skilyrði fyrir ráðningu í akademískar stöður við þær lagadeildir hér á landi sem standa vilja undir nafni.



Sigurður Kristinsson

Mikilvægt er að laganám í landinu sé í sífelldri þróun og góðum alþjóðatengslum. Háskólaumhverfið þarf að ýta undir rannsóknir í lögfræði þannig að þær styrki bæði laganámið og atvinnulífið. Það er kostur ef samkeppni milli háskóla verður til þess að ýta undir slíka þróun og nýsköpun og koma í veg fyrir stöðnun. Það er einnig kostur ef samkeppni verður til þess að auka fjölbreytni í námsframboði í landinu, eins og laganámið við HA er dæmi um.

Samkeppni fylgja þó hættur og mikilvægt er að gæði námsins séu ávallt í fyrirrúmi. Andi samkeppni má heldur ekki verða það ríkjandi að hann hamli gegn eðlilegri samvinnu háskólanna. Það er mikilvægt að hver háskóli móti sínar áherslur og leggi þær inn í flóru laganáms í landinu í gagnkvæmri sátt.



Bryndís Hlöðversdóttir

Fræðasamfélagið hefur tekið stakkaskiptum með tilkomu samkeppni með auknum fjölda rannsókna og fjölbreyttari flóru fólks sem sinnir lagakennslu. Fólki í fullu starfi með rannsóknarhlutfall hefur fjölgað og nú sjáum við til dæmis mikinn fjölda af konum í lagakennslu sem voru jafn sjaldséðar og hvítir hrafnar í þeirri stétt hér áður fyrr. Það segir sig sjálft að þegar það eru fleiri en einn prófessor á landinu, í t.d. stjórnskipunarrétti, þá hlýtur það að efla fræðasamfélagið á því sviði. Með auknum fjölda þeirra sem koma að lagakennslu og rannsóknum, og samtali þeirra á milli, eflist fræðasamfélagið sem er til framdráttar rannsóknum og háskólasamfélaginu í lögfræðinni. Hvað nemendur varðar þá eru helstu kostir samkeppninnar þeir að fólk á nú kost á að læra lögfræði með mismunandi hætti, bæði hvað efni og kennslufræði varðar. Gallar samkeppninnar sem slíkrar eru fáir að mínu mati en með því er ég ekki að segja að það sé nauðsynlegt að kenna lögfræði á fjórum stöðum á Íslandi.



Björg Thorarensen

Markaðslögmálið segir að samkeppni leiði til framfara. Samkeppni á milli lagadeilda fjögurra háskóla hér á landi hófst á tímum efnahagslegrar uppsveiflu í þjóðfélaginu og aukinnar markaðsvæðingar. Að mínu mati meira af kappi en forsjá. Engin stefna var mótuð um markmið, þörf eða skilgreiningar á inntaki laganáms en stefnan fólst í afskiptaleysi hins opinbera þegar nýjar lagadeildir voru settar á fót. Markaðurinn átti að sjá um afganginn, þar á meðal að skera úr um hvaða lagadeild útskrifaði lögfræðinga sem þjónuðu best þörfum atvinnulífsins.

Ég tel að samkeppnin hafi á heildina litið ekki aukið gæði íslensks laganáms. En hún hefur aukið fjölbreytni og fært fram ýmsar nýjar og jákvæðar áherslur, t.d. sérhæfingu í lögfræði á sviði viðskipta og markaðar. Samkeppnin hefur einnig búið til möguleika á samanburði. Hún hefur orðið hvati til þess að bæði nemendur og kennarar lagadeildar HÍ leggi harðar að sér til að standast vel samanburð sem ekki var hægt að gera áður. Þetta eru kostir samkeppninnar.

Noregur

Um 7000 nemendur stunda laganám í Noregi í þremur háskólum og tekur námið fimm ár. Verið er að ræða um hvort skitpa eigi náminu upp í BA gráðu og meistaraþráðu. Milli 700-800 útskrifuðust með meistaraþráðu 2008 en Norðmenn eru 4,8 milljónir.

Finnland

Árið 2008 stunduðu 3879 nemendur nám í lögfræði í Finnlandi. Þrjú háskólar kenndu lög á meistarastigi en einn á BA stigi. Fram til þessa hafa að meðaltali 450 kándídatar útskrifast með mastersgráðu í lögum á ári í Finnlandi. Með Bologna samkomulaginu, sem er samræming á laganámi innan ESB landanna, er reiknað með að þeim fjölgi sem útskrifist á BA stigi. Árið 2008 útskrifuðust 644 með mastersgráðu og 367 með BA gráðu. Þess má geta að Finnar eru 5,3 milljónir.

Svíþjóð

Árið 2008 stunduðu 5550 nemendur nám í lögfræði í Svíþjóð í 15 háskólum. Þeir bjóða upp á mismunandi áherslur í laganámi en sex háskólar bjóða upp á 4,5 ára nám sem veitir rétt til allra starfa, s.s. að verða dómari. Árið 2008 útskrifuðust 1100 kándídatar með meistaraþráðu sem veitir lögfræðingum m.a. rétt til dómara starfa. Þess má geta að Svíar eru 9,3 milljónir.



Frá hdl.-námskeiði 2006.

Samkeppnin hefur hins vegar sem slík ekki breytt lagadeild Háskóla Íslands eins og stundum er haldið fram. Á síðustu árum hefur orðið gífurleg uppbygging og framþróun á öllum sviðum Háskóla Íslands bæði í samkeppnisdeildum og öðrum deildum. Samkeppnin hefur leitt til þess að markaðssetning hefur vaxið stórlega til að laða að nemendur og í raun almennt aukið áhuga í samfélaginu á laganámi. Lagadeild HÍ hefur að vissu marki tekið þátt í þessu en þó einmitt á þeim forsendum að laða að nemendur sem treysta sér í strangt og fræðilegt nám. Deildinni hefur haldið mjög vel á kennurum sínum þrátt fyrir að talsvert betri kjör séu í boði hjá einkareknum háskólum. Fjölgun þeirra sem stunda laganám er m.a. afleiðing af stefnulausri fjölgun lagadeilda í landinu og markaðsvæðingu námsins, sem áður segir, auk þess sem nemendum í háskólanámi hefur almennt fjölgað. Skortur á viðmiðum um hvað skuli vera lágmarksinntak laganáms hefur á sama tíma skapað óvissu um hvað felst í hugtakinu lögfræðingur. Auk þess er ekki skilyrði í öllum lagadeildum að þeir sem hefja þar meistaranám í lögfræði hafi lokið BA-námi í greininni.

Loks verður ekki litið fram hjá því að tal um samkeppni lagadeilda er byggt á röngum forsendum. Hér eru einkareknir háskólar reknir með ríkisframlögum að stórum hluta, þannig að sömu kennsluframlög koma frá ríkinu með hverjum nemanda til þeirra og ríkisháskólanna. Í ofanálag er aðeins einkareknum skólum heimilt að taka skólagjöld og veitt eru hagstæð námslán fyrir skólagjöldunum sem virka í raun að miklu leyti eins og styrkir. Lagadeildirnar búa þannig við gerólík skilyrði. Lagadeild HÍ hefur haldið uppi gæðum námsins en jafnframt verið rekin með tvöfalt eða jafnvel þrefalt lægri tilkostnaði en aðrar lagadeildir.

Eru teikn á lofti varðandi sameiningu skóla eða mun laganám verða í boði í fjórum háskólum í framtíðinni?



Sigurður Kristinsson

Málefni háskólastigsins hafa verið rædd með alveg nýjum hætti eftir hrunið og hafa fulltrúar og forsvarsmenn háskólanna eðlilega rætt saman. Hver útkoman verður á eftir að koma í ljós en mikilvægar upplýsingar inn í þá umræðu munu væntanlega verða til í tengslum við úttekt menntamálaráðuneytisins á laganámi í landinu snemma árs 2010.

Ég sé fyrir mér að í framtíðinni verði meira samráð og meðvituð verkaskipting milli háskólanna í ljósi sameiginlegrar sýnar og heildarstefnu. Helsta afleiðing hrunsins er að minni fjármunir eru til skiptanna og þá skiptir réttlætning útgjalda höfuðmáli. Við Háskólann á Akureyri hefur með ráðdeild tekist að reka laganámið innan þeirra þröngu marka sem sett eru af nemendaframlögum hins opinbera. Það er afar mikilvægt fyrir Norðausturland og hinar dreifðu byggðir í landinu að laganám verði áfram í boði við HA.



Björg Thorarensen

Ég tel mjög ólíklegt að það standist til lengdar halda uppi sambærilegum námsleiðum í lögfræði í fjórum háskólum hér á landi í óbreyttri mynd. Efnahagsástandið knýr stjórnvöld til að huga að endurskipulagi háskólastigsins. Hvergi í nágrannalöndum okkar er að finna hlutfallslega jafn margar lagadeildir og á Íslandi og því síður þekkist að ríkið haldi upp rekstri einkaskóla eins og hér á landi.

Við þessar aðstæður þurfa stjórnvöld að forgangsraða og ákveða hvernig hægt verði að viðhalda gæðum háskólanáms í landinu fyrir mun fleiri nemendur en talsvert lægri fjárhæð en áður var til ráðstöfunar. Í þeirri endurskoðun er óhjákvæmilegt að skoða möguleika á sameiningu háskóla eða annarri endurskipulagningu þar sem almannafé verður betur nýtt. Að mínu mati er t.d. óraunhæft markmið að hér á landi séu starfræktir tveir alhliða rannsóknaháskólar á samkeppnisgrundvelli við alþjóðlega háskóla. Stjórnvöldum stendur næst að styðja við bakið á Háskóla Íslands til að ná markmiðum sínum að verða rannsóknaháskóli í fremstu röð. Ýmsar útfærslur koma til greina, t.d. að grunnnám í lögfræði verði kennt í tveimur lagadeildum, þar sem sett verði samræmdar reglur um lágmarksinntak námsins. Rannsóknánám, þar með talið meistara- og doktorsnám í lögfræði, færi síðan fram í Háskóla Íslands sem er miðstöð rannsókna í landinu og hægt væri að efla það starf á margvíslegan hátt með nýrri forgangsroðun fjármuna.



Bryndís Hlöðversdóttir

Ég tel líklegt að háskólum á Íslandi muni fækka á næstu árum og áratugum. Það mun hafa áhrif á laganám eins og annað nám og eflaust fækka lagadeildum. Ég vona þó að ekki komi til þess að lögfræði verði í framtíðinni aðeins kennd í einum skóla með einum hætti. Það er afturhvarf til fortíðar sem ég tel ekki æskilegt.



Þórður S. Gunnarsson

Lagadeild Háskólans í Reykjavík er allavega ekki að sameinast annarri lagadeild eða deildum á næstunni.

EI

Framhaldsnám skilar sér í betri stöðum

Af 372 lögmönnum sem tóku þátt í könnun Lögmanna blaðsins í september sl. höfðu 123 (33%) stundað framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði.

Framhaldsnám lögmanna skilar sér í betri stöðum meðal innanhúslögmanna en 54% framkvæmdastjóra og/eða forstöðumanna hafa lokið framhaldsnámi og 42% deildarstjóra og/eða yfirlögfræðinga. 45% lögmanna sem starfa hjá fjármálafyrirtæki, fjárfestinga- eða tryggingafélagi hefur farið í framhaldsnám, þar af 18% í LL.M og 15% í verðbréfamiðlun.


35% sjálfstætt starfandi lögmanna hafa sótt framhaldsnám að loknu embættisprófi í lögfræði, þar af rúmur helmingur LL.M. nám og 13% nám í verðbréfamiðlun. Einungis 14,5% fulltrúa hafa sótt framhaldsnám að loknu embættisprófi.

Eldri lögmenn hafa síður stundað framhaldsnám að loknu embættisprófi í lögfræði heldur en þeir yngri. Þannig hafa 37% lögmanna 25-39 ára stundað


framhaldsnám á móti 26% lögmanna 50-59 ára. Í ljósi þess að áður fyrr tíðkaðist það ekki í jafn miklum mæli að lögmenn sæktu sér meiri menntun er athyglisvert hve margir eldri lögmenn

hafa stundað nám. T.d. hafa 10% lögmanna 60 ára og eldri farið í verðbréfamiðlaranám. Ekki er marktækur munur á framhaldsnámi lögmanna eftir kynjum.

EI



Öflun hdl.-réttinda




Mun færri konur afla sér hdl.-réttinda

Frá því nýtt fyrirkomulag réttindaöflunar til málflutnings fyrir héraðsdómstólum tók gildi með lögmannalögum nr. 77/1998, hafa 442 þátttakendur lokið réttindanámskeiðum með fullnægjandi hætti. Námskeiðin, sem hófust árið 2000, voru lengi framan af aðeins eitt á ári en síðustu þrjú árin hafa verið haldin tvö á ári. Ástæðan er sú að útskrifuðum lögfræðingum hefur fjölgað verulega í seinni tíð eftir að fleiri háskólar hófu að bjóða upp á laganám.

Af þeim 442 sem lokið hafa réttindanámskeiði með fullnægjandi hætti hefur aðeins 291 þátt takandi virk málflutningsréttindi í dag, eða sem svarar 65,8%. Sé hlutfall þátttakanda með virk réttindi skoðað út frá árgöngum liggur hlutfallið almennt á bilinu 60% - 80%. Það er lægst fyrir árið 2009 sem helgast af því að stór hluti þátttakanda á síðara námskeiði árs ins, sem lauk í nóvember, hefur ekki lokið verklegri prófraun sem er forsenda þess að fá út gefin réttindi.

Á árabílinu 2005-2009 hafa 15% fleiri konur útskrifast með meistaragráðu úr háskólunum fjórum, að loknu grunnnámi í lögfræði, eða 247 konur á móti 214 körlum. Á sama tíma hafa 55% fleiri karlar lokið hdl.-námskeiði, eða 138 karlar á móti 89 konum. Þessi mikli munur kemur á óvart og það er raunar sérstakt rannsóknarefni hvers vegna konur í lögfræðingastétt afla sér ekki hdl.-réttinda í sama mæli og karlar. II




Grafið sýnir hlutfall þátttakanda með virk málflutningsréttindi, samanborið við fjölda þátttakanda sem ljúka réttindanámskeiðinu ár hvert, á árabílinu 2000 - 2009.

Skiptar skoðanir um skylduendurmenntun

Skylduendurmenntun lögmannna hefur verið tekin upp hjá öllum lögmannafélögum á Norðurlöndum, í Bretlandi og víða á meginlandi Evrópu. Umræða um skylduendurmenntun meðal lögmannna á Íslandi hefur komið upp öðru hvoru síðustu ár en árið 2003 var stofnaður sérstakur starfshópur á vegum stjórnar Lögmannafélags Íslands sem fjallaði um málið. Hópurinn kynnti niðurstöður vinnu sinnar á aðalfundi félagsins árið 2004 og lagði þá upp drög að kerfi sem fól í sér að hver starfandi lögmaður þyrfti að afla sér einingafjölda samsvarandi við tvö almenn námskeið á vegum LMFÍ á ári. Fjöldi leiða var til að öðlast endurmenntunareiningar, t.d.

kennsla, skrif fræðigreina auk þess að sækja námskeið. Hugmyndirnar vöktu talsvert mikla andstöðu meðal lögmannna á sínum tíma og ekkert hefur verið unnið í þeim síðan þá. Í könnun Lögmannablaðsins í september síðastliðinn voru lögmennt spurðir um hvort þeir væru hlynttir eða andvígir skylduendurmenntun og var hlutfall þeirra sem voru hlynttir 38% á móti 41% sem voru andvígir skylduendurmenntun. Athyglisvert er að innanhúslögmennt eru mun hlynttari skylduendurmenntun en lögmennt á stofum.



Innri hringurinn sýnir hlutfall lögmannna á lögmannsstofum og ytri hringurinn sýnir hlutfall innanhúslögmannna sem eru hlynttir eða andvígir skylduendurmenntun.

EI

Lítið atvinnuleysi meðal lögfræðinga

Það sem af er þessu ári hafa að meðaltali 36,4 lögfræðingar verið á atvinnuleysisráði en til samanburðar þá voru á sama tíma 349 viðskiptafræðingar og 114 verkfræðingar á atvinnuleysisráði. Að sögn Ragnheiðar Dagsdóttur, ráðgjafa hjá Capacent Ráðningum, er mikil eftirspurn eftir lögfræðingum á vinnumarkaðinum: „Allmargir hafa sótt um þau störf lögfræðinga sem hafa verið auglýst á okkar vegum. Það sækir ekki jafn stór hópur lögfræðinga um hvert auglýst starf eins og til dæmis viðskiptafræðinga, en það er mikil breidd í hópnum m.t.t. þekkingar og reynslu,“ sagði hún í samtali við Lögmannablaðið.

EI

61% lögmannna hefur sótt námskeið sl. tvö ár

Á vegum LMFÍ eru haldin 20-25 námskeið á ári. Síðastliðin fimm ár hafa 210 lögmennt sótt námskeið félagsins að jafnaði á ári eða um 30% félagsmanna. Í könnun Lögmannablaðsins í september sl. voru lögmennt spurðir að því hvort þeir hefðu sótt námskeið félagsins sl. tvö ár. 65% lögmannna á stofum höfðu sótt námskeið sl. tvö ár en 55% innanhúslögmannna.

Þeir sem höfðu farið á námskeið sl. tvö ár voru spurðir að því hvernig þeim þætti námskeiðsframboðið vera. 87% lögmannna á stofum og 77% innanhúslögmannna sögðu framboð vera mikið eða mátulega mikið.

EI



Eyðum öllum gögnum

... örugg, hröð og góð þjónusta

GAGNAEYÐING

Gagnaeyðing ehf · Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík
Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is

Af Merði lögmanni

Mörður hefur í seinni tíð verið maður einsamall. Hefur af einhverjum ástæðum haldist illa á sínum konum. Skýringin er kannski almenn leiðindi Marðar og skortur á rómantík sem hafa vegið þyngra en vilji og ákefð hans í ástarleikjum. Viljinn og ákefðin hafa ekki fylgt Merði alla tíð heldur eiga þessi nýju stinningarlyf sinn þátt í því. Gjarnan eftir slíkar lyfjainntökur hefur Mörður mikla þörf á að heimsækja stripstaði sem er helsta ástæða þess að sparifé Marðar er nánast uppuríð. Mörður huggar sig þó við það að betra er að glata öllum sínum fjármunum í faðmi hispurslausra glæsimeyja en í bankahruni.

Nú er svo komið að Mörður hefur séð tækifærin í kreppunni. Honum tókst að færa allar skuldir á aldraða móður sína á ögurstundu og bjargaði þar með starfsréttindum sínum sem hæstaréttarlögmaður. Ekki nóg með það. Hann hefur boðið KSÍ starfskrafta sína fyrir lága þóknun gegn því að fá platínukort í nafni íþróttahreyfingarinnar og er vongóður um að takast þannig að sameina tvö helstu áhugamál sín.

Merði er hins vegar mikill vandi á höndum um þessar mundir. Frá því að náttúran gerði vart við sig hefur Mörður verið mjög áhugasamur um berrassaðar stelpur. Las það einhvers staðar að ef slíkur áhugi væri ekki fyrir hendi hjá karlmönnum væri eitthvað mikið að og innganga í kór Fíladelfíusafnaðarins útilokuð. Einhverjar botnfreðnar kellingar hafa hins vegar komist að því að heimsóknir til slíkra glæsimeyja sé alvarlegur glæpur. Mörður treystir sér sem sagt ekki lengur á stripstaði borgarinnar af ótta við að verða handtekinn, hent í tugthúsið og lenda í ofanálag á forsíðu DV.

Merði finnst að sér þrengt á fleiri vígstöðvum. Hann þorir ekki heldur lengur í heimsókn til gamalla vinkvenna, hvorki í 101 né Grafarvoginum, eftir að hann las í blöðum að lögregla fylgdist ~~sem~~ með húsum þar sem grunur væri að fram færu ástarleikir og fjárhagslegur stuðningur á sama tíma. Það getur ekki verið mikil fjárþröng hjá pólitíinu ef það getur leyft sér að vera með fjölda löggúkarla í „steak out“ til að fylgjast með ástarlífi fólks. Hvað þá ef það getur verið með tugi manns í sérstakri vopnaðri víkingasveit sem gerir ekki annað en að koma drukknum mönnum í háttinn og hræða börn sem sitja í bíl með langfangabyssur.

Mörður hefur aldrei náð að tileinka sér tölvutæknina og því getur hann ekki sinnt þessu áhugamáli sínu með því að heimsækja vefsíður sem samþykkja ennþá íslensk kreditkort. Mörður getur því ekkert farið nema á Kringlukrána þar sem kellingar á hans aldri dvelja en það er ekki aldursflokkurinn sem áhugi hans snýst um.

Það er kannski engin furða að karlar eru að verða ófrjóir og breytast í kellingar eins og Mörður las í blöðum um daginn. Það skyldi þó ekki vera að þessar kellingar næðu að útrýma mannskepnunni að lokum?

*Til fjölda ára hefur Mörður lögmaður sent vélritaða pistla sína í Lögmannablaðið í brúnu umslagi á skrifstofu félagsins. Framvegis verða pistlamir skannaðir inn og birtir eins og þeir koma frá lögmanningnum.

Hvað bar hæst í íslenskum rétti árið 2009?



Icesave, endurreisn og umhverfismál

**Katrín
Theodórsdóttir
hdl.**

Fyrir utan lagasetningar í tengslum við lausn Icesave og endurreisn bankakerfisins eru löggin um greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga í greiðsluferðleikum um margt merkileg þótt deila megi um hvort gengið hafi verið of skammt í því sambandi. Ég fagna því skrefi sem stigið hefur verið til að takmarka umhverfismengun með skattlagningu kolvetnisvinnslu og vona að frumvarpið um umhverfis-ábyrgð sem er á leiðinni í þingið fái þinglega meðferð. Þá tel ég afar brýnt að komið verði á fót landsskipulagi sem fyrst. Að síðustu fagna ég niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr.671/2008 þar sem rétturinn snéri úrskurði umhverfisráðherra en með því verður ekki fallist á veglagningu um Teigskóg með þverun Djúpa- og Gufufjarða sem er eitt fegursta svæði landsins. Ég tel að dómurinn hafi fordæmisgildi varðandi beitingu laga um mat á umhverfisáhrifum.



Haldið í sér andanum

**Þorbjörg Inga
Jónsdóttir hrl.**

Þegar lítið er til baka til ársins 2009 þá kemur fyrst upp í huga óvissan um gildi samninga sem gerðir hafa verið innan íslensku bankanna á undanförunum árum s.s. um lánveitingar í erlendri mynt. Fyrstu dómarnir þar sem tekið er á ágreiningsmálum varðandi þessa samninga liggja ekki fyrir og því má segja að réttarkerfið hafi eins og haldið niðri í sér andanum allt þetta ár, eftir fyrstu fordæmunum og hvernig taka megi á þeim ef þau hnekkja gerðum samningum. Fjöldi mála sem þessu tengjast er mikill og veldur hann áhyggjum af getu íslenskra dómstóla til að anna þeim málum innan eðlilegs tímaramma. En um leið verða til dómur sem eiga eftir að koma fræðigreininni lögfræði til góða.



Óvissan bar hæst

**Hrafnhildur
Stefánsdóttir hrl.**

Það sem hæst bar er óvissan. Þar á ég við óvissuna sem skapaðist af miklum breytingum í lagaumhverfi okkar og þeim fordæmalausu málum sem gert er ráð fyrir að komi til úrlausnar dómstóla á næstu misserum.



Litla prent
Stórt verk lítið mál

prent.is
Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



Áhyggjur af dómskerfinu

Helgi Jóhannesson
hrl.

Ég tel að það sem hæst hefur borið og mun bera er umræðan um möguleika dómskerfisins hér á landi til að takast á við allan þann málafjölda sem fyrirsjáanlega mun fara fyrir dómstóla í kjölfar hrunsins. Í því sambandi þarf bæði að huga að mönnun dómstólanna, þ.e. fjölgun dómara, og það sem er enn mikilvægara, að tryggja að innan dómstólanna sé nægileg þekking til að leysa úr ágreiningsefnum sem varða flókna fjármálagerninga. Ég hygg að mikið vanti upp á í báðum þessum þáttum.



Spurt grundvallarspurninga

Þórður Bogason
hrl.

Þau mál sem tengjast efnahagshruninu ber hæst í íslenskum rétti árið 2009. Réttindi og skyldur kröfuhafa og skuldara og lagaleg úrræði þeirra eru viðfangsefni dagsins, bæði löggjafans og dómskerfisins, s.s. greiðsluáðlögun, lög um ábyrgðarmenn og aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna hrunsins. Í þessum flokki er Icesave-samningurinn sem beinir athyglinni að stjórnskipunarrétti og aðildarumsókninni að ESB. Hvað líður endurskoðun stjórnarskrárinnar og hvað er að vera fullvalda þjóð? Þannig er spurt grundvallarspurninga árið 2009. Í refsirétti er markverðast bann við kaupum á vændi. Af vettvangi dómstólanna má benda á dóm Hæstaréttar 14. maí 2009 í málinu nr. 562/2008, um vatnsréttindi sem skilin hafa verið frá jörðum.



Alvarleg meingerð gegn réttaröryggi

Ragnar Halldór Hall
hrl.

Ég tel að hæst beri setning laga nr. 44/2009, en með þeim var afnumið bann við málssókn gegn fjármálafyrirtækjum sem fengið höfðu heimild til greiðslustöðvunar. Málssóknarbannið var án nokkurs vafa brot á stjórnarskránni nr. 33/1944. Með áðurnefndum lögum var búinn til farvegur fyrir kröfuhafa bankanna til að fá úrlausn um kröfur sínar á hendur bönkunum. Nú liggur fyrir að einhver hundruð dómsmála munu verða rekin um alls kyns kröfur á hendur þeim, þannig að ljóst er að málssóknarbannið var alvarleg meingerð gegn réttaröryggi í landinu.



Stjórnlagagæping og aðild að Evrópusambandinu

Garðar Garðarsson
hrl.

Tvennt er mér efst í huga. Hið fyrra er að loksins, loksins hafa einhverjir stjórnámalmenn skilið það að þjóðin treystir þeim ekki fyrir því að setja sjálfum sér leikreglurnar og ætla nú að kalla til stjórnlagagæpinga. Vonandi ber þjóðin gæfu til að halda stjórnámalmönnum frá því þingi og skipa það eingöngu fagfólki með sem víðastan bakgrunn. Hitt er samþykkt Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Komi þessi áform til framkvæmda verða hér meiri breytingar á stjórnskipan og lagaumhverfi en áður hefur gerst. Viðbúið er að samnorðna lagahefð á mörgum sviðum réttarins muni víkja fyrir „samevrópskum“ hefðum, einkum á sviði verslunar og viðskipta. Þar verður engilsaxneskur réttur hafinn til öndvegis og er það miður.



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ

Enn höggvið að rótum réttarríksins

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er m.a. að finna tillögur um hækkun margvíslegra gjalda. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að um sé að ræða tillögur um hækkun gjalda sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 2004, á sama tíma og vísitala neysliverðs hafi hækkað um tæplega 51%. Jafnframt kemur fram að lagt sé til að gjöldin hækki að jafnaði um 50%, þó þannig að fjárhæð þeirra standi, eftir atvikum, á hálfu eða heilu hundraði. Þó sé lagt til að dómsmálagjöld hækki hlutfallslega meira en önnur gjöld til þess að mæta auknum kostnaði við rekstur dómskerfisins og einnig til þess að draga úr þeim mikla fjölda smærri mála sem því berast.

Þrátt fyrir að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi í bréfi til stjórnvalda fyrir á þessu ári, bent á nauðsyn þess að tryggja dómstólum fjárhagslegan og

faglegan stuðning til að takast á við gríðarlega aukið álag á dómstólunum og réttarvörslukerfinu í heild á næstu misserum, telur stjórn félagsins framkomnar tillögur um hækkun dómsmálagjalda afleita leið að því markmiði. Telur stjórnin að boðaðar hækkunar einstakra gjalda, sem numið geta vel yfir 2.000%, verði með engu móti réttlættar með því að þannig megi draga úr fjölda smærri mála sem berast dómskerfinu. Telur stjórn félagsins að slíkt geti falið í sér takmörkun á aðgengi almennings að dómstólum, sem er brot gegn 65. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, en þessi ákvæði tryggja jafnan rétt allra til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, óháð efnahag. Telur stjórn Lögmannafélags Íslands að með framkomnum hækkunartillögum séu íslensk stjórnvöld að gera enn eina atlöguna að íslensku réttarkerfi og í reynd réttarríkinu, en á undanförunum árum hafa stjórnvöld ítrekað gripið til

aðgerða sem takmarkað hafa aðgengi almennings að dómstólum, m.a. með strangari skilyrðum fyrir gjafsókn eða gjafvörn í málum. Með þeim tillögum sem nú liggja fyrir þinginu er enn höggvið í sama knérunn og um leið að rótum réttarríksins.

Stjórn Lögmannafélagsins hefur komið framangreindum sjónarmiðum á framfæri við ráðherra dóms- og mannréttindamála og fjármálaráðherra, sem og fjárlaga- og allsherjarnefnda Alþingis.

Sérstakur rökstuðningur málskostnaðarákvörðunar

Nýlega var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í forsjármáli, þar sem m.a. reyndi á ákvörðun um þóknun lögmanns vegna gjafsóknar/gjafvarnar, sem stefnda hafði verið veitt í málinu. Samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi og ítarlegri tímaskýrslu lögmannsins fóru

54 tímar í vinnu við málið, en tímagjald var kr. 13.000 auk virðisaukaskatts. Hljóðaði reikningurinn því upp á kr. 702.000, auk vsk. að fjárhæð kr. 171.900, eða samtals kr. 873.990.

Í forsendum dómsins varðandi ákvörðun málskostnaðar, segir m.a.: „Að teknu tilliti til málskostnaðar-reiknings, umfangs málsins, þ.á.m. fjölda þinghalda og þeirra mikilvægu hagsmuna sem um var deilt, en einnig að virtum dómi Hæstaréttar í máli nr. 139/2009 að því er tímagjald varðar og að nokkru með hliðsjón af reglugerð nr. 715/2009, þykir þóknun lögmannsins hæfilega ákveðin 498.000 krónur og hefur þá ekki verið lagður á virðisaukaskattur“.

Það sem vekur sérstaka athygli í þessum dómsforsendum er tilvísun í ákvörðun Hæstaréttar Íslands um þóknun til handa verjenda í opinberu máli og


beiting dómarsins á reglugerð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins nr. 715/2009, um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna. Að því að best verður séð er hvergi að finna lagaheimild til beitingar þessarar sértæku reglugerðar um ákvörðun þóknunar í sakamáli, varðandi málskostnaðar-ákvæðanir í einkamáli, enda liggja gjörólíkar forsendur þar að baki.

Að mati stjórnar Lögmannafélags Íslands gefur þetta mál og önnur sem upp hafa komið nýverið varðandi málskostnaðarákvarðanir dómstóla, brýnt tilefni til að ákvarðanir um málskostnað fyrir dómi og forsendur þeirra, og þær reglur sem þar um gilda, verði teknar til heildstæðrar endurskoðunar. Samhliða telur stjórn félagsins rétt að skoða hvort og þá á hvern hátt endurskoða megi gildandi réttarreglur um málskostnað vegna

reksturs stjórnarsýslumála. Hefur stjórn félagsins komið þessum sjónarmiðum á framfæri við dómsmála- og mannréttindaráðherra.

Endurskoðun innheimtulaga nr. 95/2008

Eins og áður hefur komið fram í Lögmannablaðinu hefur stjórn Lögmannafélagsins ítrekað lagt til við efnahags- og viðskiptaráðuneytið að gerðar verði breytingar á innheimtulögum nr. 95/2008, enda lögin að mörgu leyti óskýr, auk þess sem í þeim er að finna meinlegar villur. Ráðuneytið hefur nú upplýst að vinna sé hafin við undirbúning frumvarps til breytinga á innheimtulögunum, sem að öllum líkindum verður lagt fram á vorþingi. Lögmannafélagið hyggst koma á framfæri tillögum sínum varðandi þau atriði sem félagið leggur áherslu á að tekin verði til endurskoðunar.



Sérsniðin tungumálþjálfun og próf í ensku lagamáli.

Námskeið sniðin að lögmönnum og lögfræðingum sem starfa í alþjóðlegu umhverfi. Áhersla er lögð á að ná betri tókum á faglegu tungutaki og orðnotkun. Hagnýt þjálfun og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma.

Námskeiðin eru haldin í **London, Cambridge** eða **Wimbledon** og hægt er að ljúka prófi í **ILEC** (International English Certificate) eða **TOLES** (Test of Legal English Skills).

Executive & Professional Language Training **lingo** MÁLAMÉDLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517



Lagasetning í kjölfar hrunsins

Á árinu 2009 er áberandi ný löggjöf á Alþingi Íslendinga sem er ætlað er að bregðast við afleiðingum af bankahruninu síðastliðið haust og efnahagslægdinni sem fylgt hefur í kjölfarið. Hér verður skautað yfir helstu lagabreytingarnar.

Lög nr. 23/2009.

Bætt staða skuldara við gjaldprotaskipti og frestun nauðungarsölu

Gerðar voru breytingar á lögum um aðför, nauðungarsölu og gjaldprotaskipti. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir tímabundinni lengingu aðfararfrests úr 15 dögum í 40. Þannig er reynt að auka svigrúm skuldara sem lenda í greiðsluferfiðleikum til að leita úrræða og endurskipuleggja fjármál sín og hugsanlega komast hjá því að aðför og fjárnám sé gert í eignum þeirra. Lenging aðfararfrests var tímabundin, gilti til 1. janúar 2010, og er til komin vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru

í efnahagslífi þjóðarinnar og þeirrar auknu hættu á greiðsluferfiðleikum sem fjölskyldur, einstaklingar og fyrirtæki standa frammi fyrir.

Í öðru lagi voru gerðar breytingar á lögum um nauðungarsölu og áréttað að sýslumaður leiðbeini gerðarþola sérstaklega um að hann geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum óskað eftir því að eign sé seld nauðungarsölu á almennum markaði. Er þetta gert til að tryggja að ávallt verði leitað leiða til að fá sem hæst verð fyrir eignina. Einnig er gerðarþola nú heimilað að óska eftir fresti á nauðungarsölu á fasteign eða ráðstöfun hennar á frjálsum markaði. Frestur þessi hefur nú verið framlengdur og gerðarþoli hefur tíma til 1. febrúar 2010 til að koma nýrri skipan á fjármál sín og þannig varna því að fasteign hans verði seld á nauðungaruppbóði.

Í þriðja lagi var gerð breyting á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. sem bæta eiga réttarstöðu skuldara. Dómari skal

leiðbeina skuldara um þau úrræði sem felast í greiðsluaðlögun og nauðasamningum. Er með því leitast við að tryggja að þeir skuldarar, sem hugsanlega geti nýtt sér þessi úrræði, fari ekki á mis við þau. Loks getur skiptastjóri þrotabús nú, ef veðhafar búsins samþykkja, heimilað skuldara að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu búsins í allt að 12 mánuði.

Lög nr. 24/2009.

Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um gjaldprotaskipti er einstaklingum nú tryggt virkt úrræði til að gera þeim kleift að endurskipuleggja fjármál sín í kjölfar bankahrunsins og efnahagslæggðar sem því hefur fylgt. Úrræðið felur í sér heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar sé sýnt fram á að maður sé og verði ófær um að standa í skilum með skuldir sínar. Þetta er ætlað almennum laun-

Þegum en ekki þeim sem undanfarin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa starfað einir eða í samstarfi við aðra. Heimildin nær auk þess ekki til félaga eða lögaðila.

Með greiðsluaðlögun má samkvæmt lögunum kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili. Lögin gera ráð fyrir að beiðni um greiðsluaðlögun sé send héraðsdómi sem úrskurðar síðan um hvort heimild til að leita greiðsluaðlögunar skuli veitt og skipar umsjónar- mann.

Lög nr. 32/2009.

Lög um ábyrgðarmenn

Lögin kveða á um vernd ábyrgðarmanna og formfestu og fagleg vinnubrögð við gerð lánasamninga þar sem krafist er ábyrgðarmanna. Lögin taka jafnt til þess þegar einstaklingar gangast persónulega í ábyrgðir og þegar þeir veita veð í tilgreindum eignum sínum til tryggingar á efndum lántaka. Samkvæmt ákvæðum laganna er fasteign ábyrgðarmanns, þar sem hann heldur heimili, þó undanþegin aðför og gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót að rekja til persónulegrar ábyrgðar nema lánveitandi geri sennilegt að um svik- samlegt undanskot eigna ábyrgðar- manns hafi verið að ræða. Þessi nýmæli eru þannig einskorðuð við persónulegar ábyrgðir en eiga ekki við þegar ábyrgð- armaður veitir veð í tilgreindri eign.

Lög nr. 37/2009.

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar

Samkvæmt lögunum hefur gildistími bráðabirgðaákvæðis um heimildir til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna verið framlengdur til 31. desember 2009. Skerðing starfshlutfalls þarf að vera 10% að lágmarki til þess að

viðkomandi eigi rétt til hlutabóta. Þá kveða lögin á um ákveðnar breytingar sem ætlað er að færa rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta til betra samræmis við rétt launamanna. Að auki fær Vinnumála- stofnun skýrari heimildir en áður til að sinna eftirliti með framkvæmd laganna s.s. með því að tilteknum opinberum stofnunum og skólum á háskólastigi er gert að senda þeim upplýsingar til að stemma stigu við misnotkun á kerfinu.

Lög nr. 46/2009.

Skattframkvæmd styrkt og reglur sem hamla gegn skattundanskoti

Lögin breyta ákvæðum tekjuskattlaga og mæla m.a. fyrir um að aðilar sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi, og bera því takmarkaða skattskyldu, sæti hér skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. Auk þess er nú lögfest ákvæði um skattlagningu aðila

sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum sem eru heimilisföst í lágskattaríkjum. Markmið er að hamla gegn skatta- sniðgöngu sem fram fer með þeim hætti að innlendir aðilar leynd eignum sínum og flytja tekjur úr landi í félög sem þeir stofnsetja í lágskattaríkjum án þess að hafa í reynd nokkra starfsemi þar.

Lögin kveða einnig á um skyldu fjár- málastofnana sem starfa hér á landi til að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar. Breyt- ingunni er ætlað að koma í veg fyrir að eignarhald í félögum sé falið með því að skrá félög í lágskattaríkjum og tekjum þar með skotið undan réttmætri íslenskri skattlagningu. Þá leggja lögin þá skyldu á aðila, sem starfa við skatta- ráðgjöf og fjármálaþjónustu, að halda lista yfir viðskiptavini sína varði þjón- ustan beina eða óbeina eignaraðild að



félagi, sjóði eða stofnun sem skráð er erlendis eða eignir þar. Skrá þessi skal vera aðgengileg skattyfirvöldum óski þau eftir aðgangi að henni. Lögmenn sem sinna slíkri þjónustu fyrir viðskiptavinum sína þurfa þannig að halda þessum upplýsingum til haga fyrir skattyfirvöld.

Lög nr. 50/2009.

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði

Eigandi íbúðarhúsnæðis getur leitað eftir greiðsluaðlögun vegna skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæði hans, ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslum. Áður en einstaklingur óskar eftir tímabundinni

greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verður hann að hafa leitað annarra tiltækra greiðsluerfiðleikaúrræða sem í boði eru hjá lánastofnunum og sýna fram á að þau úrræði hafi reynst ófullnægjandi. Sé svo getur hann óskað eftir greiðsluaðlöguninni með því að senda skriflega beiðni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hann á lögheimili. Taki héraðsdómari beiðnina til greina skal hann skipa umsjónarmann. Viðkomandi greiðir þá aðeins þær greiðslur af lánum sem talið er að hann geti staðið straum af. Frestað er greiðslu þess hluta skuldbindinga sem eftir eru svo lengi sem greiðsluaðlögun stendur, sem getur verið í allt að fimm ár.

Lög nr. 107/2009.

Almenn greiðslujöfnun o.fl.

Með breytingum á ákvæðum laga nr.

63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga voru sett nýmæli varðandi þak á greiðslujöfnun fasteignaveðlána þannig að lán lengjast að hámarki um þrjú ár vegna greiðslujöfnunar umfram gildandi lánasamning. Þetta á jafnt við um verðtryggt fasteignaveðlán og fasteignaveðlán í erlendri mynt. Lagabreytingin felur í sér að að öll verðtryggt fasteignaveðlán sem eru í skilum fara sjálfkrafa í greiðslujöfnun nema lántaki sæki sérstaklega um að svo verði ekki. Lántaki getur síðan hvenær sem er sagt sig frá greiðslujöfnun með tilkynningu til lánveitanda sem þarf að berast í síðasta lagi tíu dögum fyrir næsta gjalddaga lánsins.

Ingvi Snær Einarsson hdl.

Jólaakveðjur

Gleðileg jóla gott og farsælt komandi ár

ÁH lögmenn ehf.

Ársæll Hafsteinsson hdl.
Prándarseli 2
109 Reykjavík

BJE - lögmennsstofa ehf.

Brynjar Níelsson hrl. og
Bjarni Eiríksson hdl.
Lágmúla 9
108 Reykjavík

Lagastoð

lögfræðiþjónusta ehf.
Sigurmar K. Albertsson hrl.
Kristinn Bjarnason hrl.
Halldór H. Backmann hrl.
Guðmundur Óli Björgvinsson hrl.
Steinn Finnbogason hdl.
Lágmúla 9
108 Reykjavík

Lögfræðistofa Ingólfs Hjartarsonar hrl.

Bíldshöfða 18
110 Reykjavík

Lögmenn Höfðabakka ehf.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Lögmenn Árbæ

Steingrímur Pormóðsson hrl. og Pormóður Skorri Steingrímsson hdl.
Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmenn

Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Grétar Haraldsson hrl.

Suðurhólum 22
111 Reykjavík

Arctica Law ehf.

Stefán Þór Bjarnason hdl.
Smáratorgi 3, 12. hæð
201 Kópavogi

Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar hdl.

Hamraborg 9
200 Kópavogi

Lögmennsstofa SS ehf.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl.
Hamraborg 10
200 Kópavogi

Lexista ehf.

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.
Urðarhæð 16
201 Kópavogi

Lögmenn Bæjarhrauni 8

Hlöðver Kjartansson
Bæjarhrauni 8
220 Hafnarfirði

LEX

Borgartúni 26
105 Reykjavík

LANDSBYGGÐIN

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar hdl.

Borgarbraut 61
310 Borgarnesi

Lögsýn ehf.

Björn Jóhannesson hrl.
Aðalstræti 24
400 Ísafirði

Lögfræðiþjónusta

Þorsteins Péturssonar hdl.
Sigtúni 3
800 Selfossi

Lögmenn Árborg

Austurvegi 1
802 Selfossi

Lögmenn Suðurlandi

Austurvegi 3
802 Selfossi



Eyrún Ingadóttir

Öflugt félagsstarf

Í þessu síðasta tölublaði ársins er rétt að skauta aðeins yfir félagsstarf lögmanna anno 2009 en það hefur verið einkar öflugt og skemmtilegt.

Um þessar mundir fer fram meistaramót LMFÍ í fótbolta en á síðasta ári var ákveðið að hafa eitt mót árlega í stað tveggja. Þar taka um 40 lögmenn þátt. Sem fyrr er golfnefnd félagsins ákaflega virk og hélt hún úti fimm golfmótum í sumar. Fjölmennasta mótið var meistaramót félagsins, með 23 keppendur. Meistaramóti LMFÍ í skák er nýlokið en þar komust fleiri að en vildu. Nú verður legið undir feldi í meira en þrjú dægur og hugsað um hvort slík mót hafi runnið sitt skeið.

Það sama var ekki uppi á teningnum þegar gönguferð ársins var farin á sjálfa Heklu en þar voru 40 lögmenn og fylgifyrirlit á ferð. Hópurinn var vart kominn niður þegar Almannafræðingur sögðu slíkar ferðir vera glæfraspil vegna goshættu. Nú látum við okkur dreyma um Herðubreið sumarið 2010, drottningu fjallanna og Stefáns frá Möðrudal. Ekki má svo gleyma því að á

fallegu vorkvöldi var siglt um sundin blá og veitt í soðið. Þorskur, ýsa og ufsi var veiddur, slægður og etinn af bestu lyst.

Kleinufundir

Tekin var upp sú nýjung í haust að halda svokallaða kleinufundi um þau mál sem eru í umræðunni. Fundirnir eru oftast haldnir á föstudagsmorgnum og einungis auglýstir meðal lögmanna. Í ágúst var fjallað um innheimtulögin, september um fjöldamálsóknir, október um málsókn Kaupþings fyrir breskum dómstólum og í desember kemur sérstakur saksóknari og ræðir um málefni embættisins. Að meðaltali hafa 30 manns sótt fundina og gætt sér á kaffi og kleinum en þessari nýjung hefur verið afar vel tekið.

60% fleiri hafa sótt námskeið

Um 340 manns hafa sótt námskeið félagsins árið 2009 en það er 60% aukning frá fyrra ári. Verið er að skipuleggja námskeið vorannar og er von okkar að svo haldi fram sem horfi.

Stjórn fræðslusjóðs vinnur gott starf við að koma með tillögur að áhugaverðum námskeiðum fyrir hvert misseri en einnig eru þátttakendur námskeiðanna duglegir að stinga upp á nýjum námskeiðum.

Stjórn fræðslusjóðs sér einnig um að velja bækur á bókasafnið en þess má geta að ekki hafa verið keyptar inn erlendar bækur frá efnahagshruninu að undanskilinni áskrift að Ufr í blaðformi. Síðustu ár hefur félagið verið með rafræna áskrift að Karnov og Ufr en hætti því þegar kostnaður var orðinn óheyrilega hár.

Nefndir

Á sjöunda hundrað manns hafa sótt viðburðina sem taldir eru upp hér að framan en þá eru ekki teknir með stórvíðburðir eins og Lagadagurinn, þar sem 200 lögfræðingar mættu, og jólahlaðborðið, með 120 þátttakendum, sem eru sameiginlegir með Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands. Ég óska lögmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Auglýsing á Miðlaranum á heimasíðu LMFÍ:

Ritari óskast á lögmennsstofu tímabundið frá 1.janúar til 1.júlí.

Möguleiki á hlutastarfi. Reynsla æskileg. Umsóknir sendist til legis@legis.is

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Magnús Björn Brynjólfsson hrl.

Lögmenn við Lækjartorg
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 552-5590

Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson hrl.

Þorbergsson & Loftsdóttir sf.
Suðurlandsbraut 4a, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 552-7500

Árni Ármann Árnason hrl.

Lögmennsstofa Árna Ármanns Árnasonar
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 551-1348

Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Björgvin Halldór Björnsson hdl.

Lögmenn Laugardal
Síðumúla 7-9
105 Reykjavík
Sími: 533-4850

Guðbjörg Benjamínsdóttir hdl.

Forum lögmenn og Tort ehf.
Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími: 562-2150

Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason

LOGOS síf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Svanhvít Axelsdóttir hdl.

LOGOS síf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Ásgeir Örn Jóhannsson hdl.

Pacta lögmenn/Lögheimtan
Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri

Páll Kristjánsson hdl.

Kr. St. Lögmennsstofa ehf.
Austurstræti 10A
101 Reykjavík
Sími: 552-1642

Sverrir B. Pálmason hdl.

JÁS lögmenn
Klapparstíg 16
101 Reykjavík
Sími: 561-5700

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir hdl.

Fulltingi lögfræðipjónusta ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Einar Ingimundarson hdl.

Íslensk verðbréf hf.
Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími: 460-4700

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Bonafide
Kringlunni 4-12, 3.hæð
103 Reykjavík
Sími: 533-5578

Unnsteinn Örn Elvarsson hdl.

Lögmál ehf.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 511-2000

Grímur Hergeirsson hdl.

JP lögmenn
Austurvegi 6
800 Selfoss
Sími: 482-2229

Hjálmar Blöndal Guðjónsson hdl.

Lex lögmennsstofa
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Davíð Þorláksson hdl.

Icelandair Group hf.
Reykjavíkurlugvöllur
101 Reykjavík
Sími: 505-0389

Nýr vinnustaður

Lilja Ólafsdóttir hdl.

LÓ lögmennsstofa ehf.
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 867-0224

Guðrún Hólmsteinsdóttir hdl.

Borgarlögmenn
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími: 553-1330

Ingunn Agnes Kro hdl.

Skeljungur
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík
Sími: 444-3000

Fróði Steingrímsson hdl.

JP lögmenn
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Bjarki Már Baxter hdl.

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Ingibjörg Guðbjartsdóttir

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 569-9600

Nýtt aðsetur

DP lögmenn

Síðumúla 13
108 Reykjavík
Sími: 561-7755

Lögmenn.is ehf.

Hlíðarsmára 9
201 Kópavogur
Sími: 522-4005

Lexista ehf.

Holtasmára 1, 6.hæð
201 Kópavogur
Sími: 894-6090

Lagarök ehf. Lögmennsstofa

Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 544-2401

90 ára afmæli LMFÍ



Í tilefni 90 ára afmæli Lögmannafélags Íslands 11. desember 2001 var í fyrsta sinn veitt sérstakt gullmerki félagsins. Það hlutu tólf fyrrum formenn og Jón Thors, sem var nýhættur sem skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en hann hafði verið tengiliður ráðuneytisins við Lögmannafélagið um langt árabíl. Á myndinni eru í efri röð f.v.: Jón Thors, Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurmar K. Albertsson, Gestur Jónsson, Jakob R. Möller, Hákon Árnason og Ragnar Aðalsteinnsson. Í neðri röð f.v. : Þorsteinn Júlíusson, Jóhann H. Níelsson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Helgi V. Jónsson. Á myndina vantar Svein Snorrason.

Námskeið vorannar

Skipti dánarbúa lögerfðareglur, erfðaskrár og aðrir erfðagerningar

Fjallað verður um skipti dánarbúa og þann mun sem er á einka- og opinberum skiptum. Upphafsaðgerðir skipta, framkvæmd og frágang. Lögerfðir og erfðaskrár. Fjallað verður um hvaða formreglur erfðaskrár þurfa að uppfylla, arfleiðsluhæfi, hverju má ráðstafa, kvaðabindingu og breytingu og afturköllun erfðaskrár. Hvenær er erfðaskrá ógild og hvenær er unnt að véfengja hana?

Kennari Steinunn Guðbjartsdóttir hrl. hjá Borgarlögmönnum
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 17. janúar 2010 kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skattaleg meðferð dánarbúa og þrotabúa

Farið verður yfir hvaða skattareglur gilda um meðferð dánarbúa, s.s. hver er afmörkun tekna hins látna og dánarbús, hvaða gjöld eru frádráttarbær, meðferð á ónýttu tapi, sala á eignarhlutum, framtal til skatts og útlagning eigna til erfingja. Í seinni hlutanum verður farið yfir skattalega meðferð þrotabúa.

Kennari Guðmundur Skúli Hartvigsson hdl. hjá Deloitte hf.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 9. febrúar 2010 kl. 17:00-19:00.
Verð Kr. 15.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 10.000,-

„Case Open“ Meistaramótsgleði LMFÍ í skák 2009

Föstudaginn 20. nóvember var meistaramót Lögmannafélags Íslands í skák haldið í hátíðarsal félagsins. Að þessu sinni tefldu sex þátttakendur en Jóhann Hjartarson sigraði örugglega.



F.v. Margeir Pétursson, Árni Ármann Árnason og Jóhann Hjartarson. Mótherji Árna í þessari skák var Halldór Brynjar Halldórsson.



Halldór sýndi snilldartakta á móti Árna og Margeir fylgdist spenntur með.



Sigurvegarinn Jóhann Hjartarson er ekki óvanur því að vinna bikar LMFÍ.



Dögg Pálsdóttir kann að meta gott súkkulaði.


Súkkulaði í allri sinni dýrð

Í nóvember sl. voru haldin súkkulaðismökkunarnámskeið með „súkkulaðikonnessör“ á vegum félagsdeildar LMFÍ. Vegna mikillar aðsóknar þurfti að halda tvö námskeið þar sem þátttakendur voru leiddir inn í undraheim súkkulaðisins.

Það kom á óvart hversu mismunandi bragð var af súkkulaði eftir því hvaðan kakóbaunirnar koma en lönd nálægt miðbaug eru best til þess fallin að rækta kakóbaunatrén. Smakkaðar voru ýmsar gerðir súkkulaðis frá einum gæðaframleiðanda og voru bragðlaukarnir látnir reyna sig á beisku, síru og sætu. Rannsóknir hafa leitt í ljós að neysla súkkulaðis veitir okkur svipaða vellíðunartilfinningu og ástin. Reyndist það hverju orði sannara því þátttakendur komu út af námskeiðunum með sælubros á vör. Þó með þá þekkingu í farteskinu að það er eins með súkkulaði og ástina; það þarf að vanda valið vel!



Brynjólfur Eyvindsson og Soffía Arnardóttir hlusta með athygli á Birgi Karl tala um kakóplöntur og sögu súkkulaðigerðar.



Birgir Karl Ólafsson matreiðslumeistari leiddi þátttakendur í allan sannleika um súkkulaði.



Einbeitt á svip smökkuðu þau Hörður Helgi Helgason, Elsa B. Valsdóttir og Inga Helga Jónsdóttir súkkulaði og reyndu að finna bragð af tammín, ristudum hnetum, rauðum berjum svo fátt eitt sé nefnt. Takið eftir súkkulaðibréfunum á borðinu.

Breyttu lífi þínu. Skelltu þér í nám í Háskólanum á Bifröst. Bifröst býður markvisst og hagnýtt háskólanám í fjölda greina, bæði í fjarnámi og á staðnum þar sem er að finna frábæra aðstöðu og góðan félagsskap. Þú getur leigt herbergi eða íbúð á hagstæðu verði – allt eftir því hvað hentar þér. Breyttu hugsun þinni um skólagöngu. Kennslan á Bifröst er persónuleg og mikil samvinna nemenda og kennara. Litlir og vel skipulagðir verkefnahópar tryggja að allir fái stuðning og hvatningu. Þessar aðferðir eru meginástæða þess að brottfall úr háskólanámi er minna á Bifröst en annars staðar. Breyttu framtíðar möguleikum þínum. Háskólinn á Bifröst er nátengdur atvinnulífinu. Reynslan sýnir að flestir útskriftarnemar frá Bifröst eru fljótir að fá vinnu og fá bestu meðmæli vinnuveitenda.

Taktu skrefið inn í framtíðina í Háskólanum á Bifröst. Við tökum inn nemendur um áramótin. [Sæktu um í dag á bifrost.is](https://www.bifrost.is).



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is